

Föstudaginn 11. október 1935.

Nr. 44/1935. **Réttvísinn og valdstjórnin**

(Th. B. Lindal)

gegn

**Friðmar Sædal Markússyni og Jóni
Vidalín Markússyni**

(Einar B. Guðmundsson)

og

Réttvísinn (Th. B. Lindal)

gegn

**Þorvaldi Pálma Valdimarssyni
og Þórarni Helga Jónssyni**

(Einar B. Guðmundsson).

Stórþjófnaður og áfengislagabrot.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 11. marz 1935: Ákærði, Friðmar Sædal Markússon, sæti betrunarhúsvinnu í 2 ár.

Ákærði, Jón Vidalín Markússon, sæti betrunarhúsvinnu í 18 mánuði.

Ákærði, Þorvaldur Pálmi Valdimarsson, sæti betrunarhúsvinnu í 15 mánuði.

Ákærði, Þórarinn Helgi Jónsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði.

Ákærðu greiði allir fyrir einn og einn fyrir alla allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 150.00 til skipaðs verjanda þeirra, Hákonar Guðmundssonar, cand. jur.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar:

Með því að ákærði Friðmar Sædal Markússon var ekki orðinn 18 ára, þegar hann drýgði þjófnað þann, sem hann var dæmdur til refsingar fyrir í aukarétti Reykjavíkur 19. des. 1933, hefir sá dómur ekki ítrekunarverkun, sbr. 62. gr. hinna almennu hegningarlaga. Afbrot ákærða þau, sem lýst er í kafla I, 2 og 4, í hinum áfrýjaða dómi, varða aðeins

við 6. gr. laga nr. 51 frá 1928. Um önnur þjófnað-
 arafbrot ákærða á við lýsingin í 2. og 4. lið 231. gr.
 hegningarlaga, og þykir rétt að refsa honum fyr-
 ir þau eftir 7. gr. laga nr. 51 frá 1928, sbr. að nokkru
 leyti 55., 46. og 47. gr. hegningarlaga. Brot hans
 á áfengislöggjöfinni heimfærast undir 11. sbr. 32.
 gr. áfengislaga nr. 64 frá 1930, sbr. nú 15. og 33. gr.
 laga nr. 33 frá 1935. Með því að fara inn á veitinga-
 húsið White Star 7. febrúar þ. á. með flösku af
 brennivini og drekka úr henni þar, hefir ákærði
 gerzt brotlegur við 17. gr. áðurnefndra áfengislaga
 frá 1935, og ber að refsa honum fyrir nefnt brot
 samkvæmt 37. gr. sömu laga. Með hliðsjón af 63. gr.
 hegningarlaga og að nokkru leyti 38. gr. sömu
 laga þykir refsing hans hæfilega ákveðin 2ja ára
 betrunarhúsvinna, eins og gert er í hinum áfrýj-
 aða dómi.

Afbrot ákærða Jóns Vídalín Markússonar þykja
 af undirdómaranum réttilega heimfærð undir 7. gr.
 laga nr. 51 frá 1928, þar eð lýsingin í 231. gr. 2. og
 4. lið hegningarlaga á við um þau, sbr. 55. gr.
 og að nokkru leyti 46., 47. og 240. gr. hegningar-
 laga, svo og undir 11. gr. sbr. 32. gr. áfengislaga
 nr. 64 frá 1930, sbr. nú 15. og 33. gr. laga nr. 33
 frá 1935, og loks undir téð ákvæði áfengislaga nr. 33
 frá 1935, en refsinguna ber að ákveða með hliðsjón
 af 38. og 63. gr. hegningarlaga. Þykir hún hæfi-
 lega metin 15 mánaða betrunarhúsvinna.

Með því að ákærði Þorvaldur Pálmi Valdimars-
 son var ekki orðinn 18 ára, þegar hann drýgði
 þjófnað þann, sem hann var dæmdur til refsingar
 fyrir í aukarétti Reykjavíkur 12. júní 1931, hefir sá
 dómur ekki ítrekunarverkun, sbr. 62. gr. hegningar-
 laga. Afbrot hans þykir rétt að heimfæra undir

7. gr. laga nr. 51 frá 1928, þar eð lýsingin í 231. gr. 4. lið hegningarlaganna á við um þau, sbr. að nokkru leyti 46. 47., og 240. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing hans með hliðsjón af 63. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 12 mánaða betrunarhúsvinna.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu Þórarins Helga Jónssonar ber að staðfesta með skírskotum til forsenda dómsins.

Ákærðu Friðmar Sædal Markússon, Jón Vídalín Markússon og Þorvaldur Pálmi Valdimarsson, greiði hver um sig varðhaldskostnað sinn. Allan annan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti greiði allir hinir ákærðu in solidum, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda þeirra í hæstarétti, sem ákveðast kr. 150.00 til hvors.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærði Friðmar Sædal Markússon sæti betrunarhúsvinnu í 2 ár.

Ákærði Jón Vídalín Markússon sæti betrunarhúsvinnu í 15 mánuði.

Ákærði Þorvaldur Pálmi Valdimarsson sæti betrunarhúsvinnu í 12 mánuði.

Ákærði Þórarinn Helgi Jónsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði.

Ákærðu, Friðmar Sædal Markússon, Jón Vídalín Markússon og Þorvaldur Pálmi Valdimarsson, greiði hver um sig varðhaldskostnað sinn. Allan annan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti greiði allir hinir ákærðu in solidum, þar með talin málf lutningslaun sækjanda

og verjanda þeirra í hæstarétti, hæstaréttar-
málaflutningsmannanna Theódórs Líndal og
Einars B. Guðmundssonar, kr. 150.00 til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að
lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Friðmar Sædal Markússyni, verkamanni, Hverfisgötu 89, Jóni Vídalín Markússyni, sjómanni, Hverfisgötu 92, Þorvaldi Pálma Valdimarssyni, verkamanni, Skólavörðustíg 23 og Þórarni Helga Jónssyni, bifreiðarstjóra, Brekkustíg 14 B, fyrir brot gegn lögum nr. 51, 1928 og 23. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, og enn fremur af valdstjórnarinnar hálfu gegn þeim Friðmari Sædal og Jóni Vídalín fyrir brot gegn áfengislögnum nr. 64, 1930, sbr. áfengislög nr. 33, 1935, og reglugerð frá 30. janúar 1935.

Ákærðu eru komnir yfir lögaldur sakamanna.

Friðmar Sædal Markússon er fæddur 4. febrúar 1917. Hann varð á árinu 1931 uppvis að þjófnaði, en þá ráðstafað í sveit án málssóknar. Hinn 19. des. 1933 var ákærði dæmdur í 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir þjófnað.

Jón Vídalín Markússon er fæddur 4. marz 1917. Hann var hinn 22. janúar 1935 dæmdur í 600 króna sekt fyrir áfengisbruggun, en hefir ekki oftast svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Þorvaldur Pálmi Valdimarsson er fæddur 7. júlí 1915. Hann hefir svo kunnugt sé sætt refsingu sem nú skal greina:

- 1) 21. marz 1931 sektaður um 50 krónur fyrir ölvun.
- 2) 12. júní 1931 dæmdur í 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir þjófnað.
- 3) 20. október 1934 sektaður um 50 krónur fyrir ölvun.
- 4) 1. janúar 1935 sektaður um 50 krónur fyrir ölvun.
- 5) 17. janúar 1935 sektaður um 100 krónur fyrir ölvun og óspektir.

Þórarinn Helgi Jónsson er fæddur 8. janúar 1913.

Hann hefir orðið uppvis að afbrotum og sætt refsingu, sem nú skal greina:

- 1) 29. marz 1925 uppvis að þjófnaði.
- 2) 31. marz 1925 uppvis að lögreglusamþykktarbrotum.
- 3) 20. apríl 1925 áminntur af lögreglunni fyrir óknytti.
- 4) 6. jan. 1932 sektaður um 10 krónur fyrir lögreglubrot.
- 5) 19. marz 1932 sektaður um 50 krónur fyrir ölvun og óspektir.
- 6) 11. sept. 1933 sektaður um 200 krónur fyrir ólöglegt áfengi í vörslu.
- 7) 18. dezember 1934 dæmdur í 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir gripdeildir.

I.

Ákærði, Friðmar Sædal Markússon, hefir einn framið eftirtalin innbrot og þjófnaði:

1) S. l. haust fór ákærði inn í trésmíðaverkstæði timburverzlunar Árna Jónssonar hér í bænum með þeim hætti, að hann dirkaði upp bakdyr verkstæðisins. Úr opnum peningakassa sem ákærði fann á verkstæðinu stal hann 30 krónum í peningum. Fór hann síðan út sömu leið, og hann var kominn, og læsti hurðinni á eftir sér með dirkaranum.

Í byrjun dezembermánaðar s. l. fór ákærði inn í húsið nr. 3 við Týsgötu um opnar útidyr. Í húsi þessu fór ákærði inn í læst herbergi, sem hann opnaði með lykli, er hékk á snaga við dyrnar. Leitaði síðan eftir peningum í herbergi þessu, og opnaði í því skyni læstan klæðaskáp með lykli, sem stóð í skránni. Í skáp þessum fann ákærði læstan kassa, sem hann braut upp. Í kassa þessum voru peningar, og stal ákærði af þeim 70 krónum, sem hann hafði á burt með sér.

3) Hinn 9. desember s. l. síðdegis fór ákærði inn í húsið nr. 33 við Njálsgötu. Voru útidyrnar ólæstar, en inn í íbúð í húsinu fór ákærði með því að dirka upp læstar dyr. Í þessari íbúð fann ákærði 28 krónur í ólæstri kommóðuskúffu, og stal hann þessum peningum. Ennfremur stal ákærði þarna inni einum pakka af cigarettum, er lá þar á borði.

4) Hinn 14. dezember s. l. í milli klukkan 5 og 7 síðdegis fór ákærði inn í húsið nr. 1 við Ránargötu. Voru

útidyr ólæstar. Eldhúsdyr í þessu húsi opnaði ákærði með lykli, sem stóð í skránni og fór ákærði síðan inn í eldhúsið. Í ólæstum skáp í eldhúsinu fann ákærði peninga og stal hann af þeim 100 krónum.

5) Hinn 18. desember s. l. fór ákærði inn í húsið nr. 15 við Njálsgötu. Útidyrnar voru ólæstar, en úr forstofunni dirkaði ákærði upp hurð inn í eldhúsið. Fór hann síðan um íbúðina og leitaði þar peninga. Í því skyni opnaði hann læsta kommóðuskúffu með lykli sem lá á kommóðunni. Úr skúffu þessari stal ákærði 50—60 krónum í peningum og einum pakka af cigarettum.

6) Nokkru fyrir s. l. jól fór ákærði inn í húsið nr. 64 við Bergstaðastræti. Dirkaði hann upp útidyrnar, sem voru læstar, og læsti hann dyrum þessum á eftir sér, er inn kom. Í ólæstri kommóðuskúffu stal ákærði 80 krónum í peningum. Fór ákærði síðan úr húsinu um bakdyr, sem læstar voru, en ákærði opnaði með lykli, sem stóð í skránni innan frá.

7) Um líkt leyti, að ákærða minnir, fór hann inn í húsið nr. 12 við Klapparstig með þeim hætti, að hann dirkaði upp útidyrnar. Var það tilgangur ákærða að stela þarna inni og leitaði hann eftir peningum um húsið, sem var mannlaut, og í því skyni opnaði hann allmargar læstar hirslur með lyklum, sem stóðu í skránum. Á meðan ákærði var staddur uppi á lofti í húsinu, heyrði hann einhvern koma utan að og fara inn í íbúðina niðri. Hljóp ákærði þá út án þess að hafa fundið nokkra peninga og án þess að stela nokkru.

8) Seinnipartinn í desember s. l. fór ákærði inn í skrifstofuhús rúllu- og hleragerðarinnar við Klappastig í þeim tilgangi að stela þar inni. Fór ákærði inn með þeim hætti, að hann dirkaði upp útidyrnar, sem voru læstar. Er ákærði þarna inni fann ekkert, sem honum þótti vert að stela, fór hann við svo búíð, en læsti þá útidyrnum á eftir sér með dirkaranum.

9) Nokkru síðar, að kvöldi þess 27. eða aðfaranótt þess 28. desember, fór ákærði á ný inn í sama hús með þeim hætti að dirka upp útidyrnar og í þeim tilgangi að stela þar inni. Gerði ákærði í því skyni tilraun til þess að brjóta upp læstan peningaskáp, sem honum þó tókst ekki, en verulegar skemmdir urðu á skápnum. Þarna inni

stal ákærði hinsvegar hálfum cigarettupakka, og fór hann við svo búð af vettvangi án þess að læsa útidyrum á eftir sér í þetta sinn.

10) Hinn 30. dezember s. l. fór ákærði inn í húsið nr. 34 við Bergstaðastræti. Útidyrnar voru læstar, og dirkaði ákærði þær upp. Dyr úr forstofunni að íbúðinni voru og læstar, en einnig þær dirkaði ákærði upp. Leitaði ákærði síðan um íbúðina eftir peningum, og í því skyni stakk ákærði upp með saxi, er hann tók í eldhúsinu, þrjár skrifborðsskúffur, skrifborðsskáp og buffet-skáp. Í ólæstri kommóðuskúffu í svefnherberginu fann ákærði 4 krónur í peningum, sem hann stal.

11) Hinn 30. dezember s. l. braust ákærði inn í húsið nr. 16 við Vitastíg. Dirkaði hann fyrst upp útidyrnar og síðan tvö herbergi, sem hann fór inn í. Í ólæstum kassa, sem geymdur var í kommóðuskúffu, sem einnig var ólæst, fann ákærði 100 krónur í peningum, sem hann stal. Er ákærði síðan fór út úr húsinu, læsti hann útidyrnum á eftir sér með dirkara.

12) Sama dag fór ákærði einnig inn í húsið nr. 18 A við Vitastíg. Dirkaði upp útidyrnar og einnig dirkaði hann upp dyr að stofu í kjallara hússins. Þarna inni opnaði hann ýmsar hirslur ýmist þannig, að hann sprengdi þær upp eða opnaði þær með viðeigandi lyklum, sem hann fann. Úr veski, sem lá á rúmi í herbergi einu í húsi þessu, stal ákærði 5 krónum.

13) Hinn 3. janúar s. l. fór ákærði inn í húsið nr. 4 við Stýrimannastíg með þeim hætti, að hann dirkaði upp bæði útidyr og innri dyr, sem ákærði kom að læstum. Þarna inni braut ákærði upp skrifborð með þeim hætti, að hann ýtti læsingjarjárninu niður með hníf. Í skrifborðinu fann ákærði læstan trékassa, sem hann braut upp og stal úr 350 krónum af peningum, sem þar voru geymdir. Auk þess stal ákærði 2 krónum í peningum, sem hann fann þarna í ólæstri kommóðuskúffu.

14) Hinn 12. janúar s. l. brautst ákærði inn í húsið nr. 22 A við Þingholtsstræti í þeim tilgangi að stela þar peningum. Fór ákærði fyrst inn í port á bak við húsið og braut þar glugga og skreið inn. Kom hann þá inn á vanhús. Fór ákærði þaðan inn í þvottahús og síðan inn í miðstöð, þar sem hann tók skörung í þeim tilgangi að

nota hann við að brjóta upp læstar hurðir, sem verða kynnu á leið hans. Fór ákærði síðan upp stiga bakdyrarmegin, og gerði tilraun til að brjóta upp læsta eldhúshurð á fyrstu hæð. Tókst honum að rjúfa gat á karminn utan við hurðina. Sá hann þá, að eitthvað var fyrir að innanverðu, og hvarf hann þá frá þessum dyrum við svo búíð. Fór ákærði þá niður í kjallarann aftur og síðan upp í fremri forstofuna, en dyrnar inn í íbúðina þeim megin reyndust einnig læstar. Ákvað ákærði þá að brjóta þær dyr upp, en er hann var að byrja á því verki, heyrði hann einhvern koma. Flýði ákærði þá án þess að hafa nokkuð á burt með sér.

15) Seinnipartinn í janúarmánuði s. l. fór ákærði inn í húsið nr. 53 við Grettisgötu. Voru útidyr opnar, en ákærði dirkaði upp innri dyr að íbúðinni. Þarna inni stakk ákærði upp læsta kommóðuskúffu, með þeim hætti, að hann stakk skærum inn með læsingarjárninu, og ýtti því niður. Í skúffu þessari fann ákærði læstan tréstokk, sem hann braut upp og stal úr 60 krónum í peningum, sem þar voru geymdar. Í sömu skúffu fann ákærði umslag með 9 krónum, sem hann einnig stal.

16) Hinn 31. janúar s. l. braust ákærði inn í húsið nr. 23 við Grettisgötu þannig að hann dirkaði upp útidyrnar, sem voru læstar. Var það ásetningur ákærða að stela peningum þarna inni, og stakk hann í því skyni upp læsta kommóðu. Peninga fann ákærði enga, en í ólæstri skúffu í þvottaborði fann hann peningabuddu, sem hann tók og hafði á burt með sér án þess að gá í hana. En er út kom og ákærði gætti í budduna, kom í ljós, að í henni voru engir peningar og fleygði ákærði henni þá.

17) 2. febrúar s. l. fór ákærði inn í húsið nr. 25 við Bergstaðastræti með þeim hætti, að hann dirkaði upp útidyrnar, sem voru læstar. Leitaði ákærði síðan eftir þýfi um íbúðina án þess þó að brjóta upp læstar hirslur. Í eldhússkáp fann ákærði 12 krónur í peningum, sem hann stal. Einnig stal hann einum pakka af cigarettum af borði í einu herberginu, og úr kommóðuskúffu stal hann öðrum cigarettupakka með nokkrum cigarettum í.

18) Aðfaranótt 3. febrúar s. l. braust ákærði inn í bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar hér í bænum. Fór ákærði að húsabaki og braut þar rúðu í glugga í bóka-

geymslu verzlunarinnar, og skreið ákærði þar inn. Komst ákærði þaðan upp á loft, en þar fann hann ekkert, sem honum þótti vert að stela. Ákvað ákærði þá að fara inn í sölubúðina, en þá urðu fyrir honum læstar dyr, sem hann dirkaði upp. Í afgreiðsluborðinu í búðinni opnaði ákærði peningaskúffu og stal þar um 30 krónum af skiptimynt. Aðra skúffu, sem læst var í þessu borði, sprengdi ákærði upp, og stal þar nokkru af útlendum peningum. Loks stal ákærði úr ólæstri skúffu í sama borði þrem sjálfblekungum. Sjálfblekungarnir og útlendu peningarnir hafa komið til skila og verið afhentir eigandanum.

19) Aðfaranótt 5. febrúar s. l. braust ákærði inn í búð A. Fredriksens, kjötkaupmanns í Hafnarstræti 14, með þeim hætti að hann hrinti útidyrhurðinni upp, en hér er um að ræða vængjahurð, sem fest er með boltum að ofan og neðan, og létu boltar þessir undan er ákærði gekk á hurðina. Leitaði ákærði peninga í búð þessari og opnaði meðal annars í því skyni sjálfvirkan peningakassa. Peninga kveðst hann enga hafa fundið, en hinsvegar stal hann vasaljósi, sem hann fann þarna inni, en annað kveðst hann ekki hafa tekið.

20) Frá innbrotinu hjá Fredriksen fór ákærði rakleitt að fiskskúrum Jóns og Steingríms við Hafnarstræti og braust þar inn með þeim hætti, að hann braut rúðu í glugga og skreið þar inn. Í herbergi því, sem ákærði kom þá í, stal hann um krónu í smápeningum. Úr þessu herbergi fór ákærði síðan út á fiskplanið um dyr, sem voru aðeins kræktar, en ólæstar, og braust svo þaðan inn í annað herbergi með því að brjóta rúðu og skriða inn á sama hátt og áður. Í því herbergi, sem ákærði nú kom í, fann hann læstan peningakassa, sem hann fór með út á fiskplanið, og reyndi hann þar að brjóta kassann upp með lóði, er hann tók þar á staðnum. En er það tókst ekki, skildi ákærði kassann eftir á planinu, og fór hann síðan af vettvangi án þess að stela öðru en fyrrgreindri einni krónu í peningum. Spjöll þau, sem ákærði vann á þessum stað, eru talin nema um 30 krónum samtals.

II.

Ákærðu Friðmar Sædal Markússon og Jón Vídalín Markússon hafa í félagi framið eftirtöld innbrot og þjófnaði:

1) Í janúarmánuði s. l. frömdu þeir innbrot í mjólkur-afgreiðslu Korpúlfsstaðabúsins við Lindargötu hér í bænum í þeim tilgangi að stela þar peningum. Braut Friðmar rúðu í glugga hússins og skreið þar inn og leitaði eftir peningum, en fann enga. Hinsvegar stal hann 2 pottflöskum af mjólk og hafði út með sér, og drukku þeir félagar síðan mjólk þessa niður við sjó, en fleygðu flöskunum.

2) Í sama mánuði fóru hinir ákærðu inn í trésmiðaverkstæði timburverzlunar Árna Jónssonar í þeim tilgangi að stela þar peningum. Fóru þeir þarna inn samkvæmt uppástungu Friðmars, er áður hafði brotist þarna inn, sbr. I. 1, hér að framan, og dirkaði hann nú upp bakdyr verkstæðisins, og fóru þeir þar inn. Þarna inni fundu þeir kr. 1.30 í peningum, sem lágu þar á vegghillu, og stálu þeir þessum peningum. Er þeir svo fóru, læsti Friðmar dyrnum á eftir þeim með dirkaranum.

3) Aðfaranótt 10. janúar brutust hinir ákærðu inn í byggingu Sjóklæðagerðar Íslands hér við höfnina í þeim tilgangi að stela þar peningum. Fóru hinir ákærðu fyrst inn í lokað port á bak við bygginguna og losuðu þar hlera frá einum glugganum. Reistu þeir hlerann síðan upp að veggnum undir glugganum, brutu rúðu og klifruðu svo af hleranum inn um gluggann. Er inn var komið, byrjuðu þeir á því, að þeir breiddu sjóklæði fyrir gluggann. Með exi og járnkarli brutu þeir upp peningaskáp, sem þarna var geymdur og auk þess brutu þeir upp bæði veggskápa og skúffur. Peninga fundu þeir enga, en höfðu hinsvegar á burt með sér öxi, hamar, naglbít og vasaljós. Auk þess stal Jón Vídalín armbandsúri, sem hékk á nagla þarna inni, og fannst það heima hjá honum, og var skilað eigandanum, en þá hafði ákærði skorið af því armbandsólina og brennt henni.

4) Eftir innbrotið í sjóklæðagerðina fóru ákærðu rakleitt að bensínsölu Napta hér í bænum. Braut Friðmar rúðu í hurðinni og opnaði síðan smekklásinn með því að smeygja inn hendi. Fóru þeir síðan þarna inn í þeim tilgangi að stela þar peningum, sem þeir fundu enga. Hinsvegar stálu þeir hamri, en vasaljósi, sem saknað var eftir innbrotið, kannast þeir ekki við að hafa stolið.

5) Eftir innbrotið í Napta fóru ákærðu að skrifstofu-

byggingu h/f. Kol & Salt hér við höfnina. Brutu þeir rúðu í glugga á skrifstofuherbergi, er Ari Antonsson, verkstjóri, hafði haft til afnota. Í herbergi þessu var stór peningaskápur, og brutu þeir hann upp að svo miklu leyti, að þeir gátu seilst inn í hann. Notuðu þeir við það verkfæri, sem þeir fundu í bifreiðarskúr, sem innangengt er í úr fyrrgreindri skrifstofu. Ennfremur brutu ákærðu upp skrifborð Ara Antonssonar, sem þarna var inni. Úr peningaskápnnum stálu ákærðu 50—60 krónum í peningum og 8 flöskum af sterku vini, sem þar var geymt. Þá stálu ákærðu þrem kössum af vindlum, sem geymdir voru í skápnnum og skrifborðinu og konfekt, sem geymt var í skrifborðinu. Loks stálu þeir stóru vasaljósi úr næsta herbergi við skrifstofu Ara, en skildu aftur á móti eftir tæki þau, sem þeir höfðu tekið í Sjóklæðagerðinni, og hamarinn, sem þeir höfðu tekið í Napta.

6) Aðfaranótt 12. janúar s. l. fóru ákærðu inn í Nordals íshús á þann hátt, að Friðmar skreið inn um rúðulausan glugga, en rim, sem fyrir glugganum var, losuðu þeir frá. Síðan opnaði Friðmar hurð innan frá og hleypti Jóni þar inn. Úr herbergi því, sem þeir fyrst komu inn í, fóru þeir um ólæstar dyr inn í afgreiðsluna, en þaðan komust þeir einnig um ólæstar dyr, inn á skrifstofuna. Þar inni leituðu þeir eftir peningum, en fundu enga, og fóru þeir þá við svo búð án þess að stela nokkru.

7) Nokkru eftir síðastliðið nýjár komu ákærðu sér saman um að brjótast inn í frikirkjuna hér í bænum til þess að stela þar peningum eða öðru fémetu. Fóru þeir síðan að kirkjunni í þessu skyni um miðnætti kvöld eitt, og gerðu báðir tilraunir til þess að dirka upp dyrnar, sem eru á sunnanverðri kórbyggingunni. En er það tókst ekki, fóru þeir af vettvangi án þess að hafast frekara að í það skipti.

8) Að kvöldi hinn 15. janúar s. l. komu ákærðu sér saman um að brjótast inn í kaþólsku kirkjuna í Landakoti í þeim tilgangi að stela þar peningum, og um miðnætti það kvöld fóru þeir að kirkjunni í þeim erindum. Fóru þeir þá þegar að dyrum, sem eru á austanverðum kirkjukórnum, og dirkaði Friðmar þær upp. Fóru þeir síðan inn í kirkjuna, og í framkirkjunni fundu þeir samskotaskrín, sem þeir brutu upp. Í því voru engir peningar

og eigi aðrir munir en einn kross, sem þeir tóku ekki. Er hér var komið fóru ákærðu að altarinu. Á miðju altarinu stóð mjög skrautlegur skápur og í honum var aftur ramger, læstur járnskápur. Af þessum umbúnaði öllum drógu ákærðu þá ályktun, að í skáp þessum væru geymdir peningar, og ákváðu þeir því að brjóta hann upp. Tóku þeir nú járnskápinn og báru hann út úr kirkjunni og fóru með hann inn á grafreit, sem er að baki kirkjunnar. Þar skrúfuðu þeir fyrst málmplötu, mjög skrautlega, af framhlið skápsins, en síðan brutu þeir hann upp og notuðu þeir til þess skörung, sem þeir höfðu sótt niður í miðstöð kirkjunnar. Skápur þessi hafði enga peninga að geyma, og í honum voru engir munir aðrir en sakramenti kirkjunnar, þ. e. kaleikur og altarisbrauð, og hafði kaleikurinn laskazt nokkuð við aðfarir þessar. Hirzlu þessari fylgir helgi mikil að kaþólskum sið og varðar þungum viðurlögum að lögum kirkjunnar, ef hún er spjölluð. Er ákærðu fundu enga peninga í skáp þessum, hurfu þeir af vettvangi án þess að hafa nokkuð fémætt á brott með sér, en skápin skildu þeir eftir utan kirkjunnar, þar sem þeir höfðu unnið að því að rjúfa hann.

9) Frá innbrotinu í Landakoti fóru ákærðu rակleitt að fiskbúðinni í Nýlendugötu 14. Var hún læst með hengilás, en Friðmar snéri hann í sundur með járn, sem hann stakk undir læsingarjárn. Fóru þeir síðan inn í búðina og leituðu eftir peningum, en fundu þá enga. Fóru ákærðu þá af staðnum án þess að stela nokkru.

10) Strax eftir innbrotið á Nýlendugötu 14 fóru ákærðu saman að veitingahúsi Ólafs P. Ólafssonar hér við höfnina í þeim tilgangi að brjótast þar inn og stela peningum. Ákváðu þeir að fara þarna inn með þeim hætti að losa rúðu úr glugga og skriða svo inn um gluggaopið. Var Friðmar byrjaður að losa kittið frá rúðu, í einum glugganum, en þá urðu þeir varir við hreyfingu inni fyrir, og hurfu þeir þá hirt án frekari aðgerða.

11) Hinn 18. janúar klukkan um 7 síðdegis höfðu ákærðu ákveðið að brjótast inn í frikirkjuna hér í bænum í þeim tilgangi að stela þar peningum. Fóru þeir á fyrrgreindum tíma að dyrunum á suðurhlið hússins og dirkuðu upp ytri hurðina, en skothurð, sem þar er fyrir innan, var ólæst og renndu þeir henni til hliðar. Fóru þeir

siðan inn í kirkjuna og leituðu eftir þýfi. Gjafabauka fundu þeir enga og enga peninga, en í altarisskáp fyrir miðju altarinu fundu þeir tvær flöskur með messuvíni, sem þeir stálu, og drukku þeir siðan vínið. Altarisskápinn, sem var læstur, opnuðu þeir með lykli, sem stóð í skránni. Úr kirkjunni fóru ákærðu sömu leið og þeir voru komnir. Lokuðu þeir hurðinni á eftir sér, en læstu ekki útdyraturðinni með dirkaranum.

12) Aðfaranótt 23. janúar s. l. brutust ákærðu í félagi inn í hús kolaverzlunar Sigurðar Ólafssonar með þeim hætti, að þeir brutu upp glugga og skriðu inn og stálu þar 4—5 krónum úr ólæstri skrifborðskúffu.

13) Eftir þetta innbrot ákváðu ákærðu að brjótast inn í benzinstöð B. P. við Tryggvagötu. Braut Friðmar upp glugga og skreið þar inn, en Jón hélt vörð á meðan. Í skrifstofu benzinstöðvarinnar stakk Friðmar upp þrjár skúffur og tvo skápa í skrifborði, sem þar var, til þess að leita peninga. Þarna fann ákærði enga peninga, en vasaljósi, sem lá á skrifborðinu, stal hann. Síðan stakk ákærði upp hurð á herbergi þessu, og kom þá fram á gang. Úr ganginum brauzt ákærður inn í annað herbergi með því að stinga upp læstar dyr. Í því herbergi stakk ákærði upp tvær skrifborðsskúffur og kveðst hann í annari þeirra hafa fundið 2 krónur í peningum, sem hann stal og skipti síðan með Jóni Víðalín.

14) Dag nokkurn í janúarmánuði s. l. klukkan um 6 síðdegis brutust þeir inn í húsið nr. 10 við Lækjargötu með þeim hætti, að Friðmar dirkaði upp bakdyrnar, sem voru læstar. Fóru þeir síðan um húsið og leituðu eftir þýfi, en brutu þó ekki upp neinar læstar hirzlur. Peninga fundu þeir enga, en úr ólæstum skáp í eldhúsinu stálu þeir heilflösku með slatta á af koniaki og ennfremur tveim sardínúsum og nokkrum cigarettum.

15) Klukkan um 11 síðdegis dag nokkurn í janúarmánuði brutust ákærðu inn í trésmiðaverkstæði í Kirkjustræti 10 í þeim tilgangi að stela þar peningum. Fóru þeir inn með þeim hætti, að þeir tóku burt rúðu, sem áður hafði verið brotin, og skriðu þar svo inn. Peninga fundu þeir enga, en naglbit og hamri stálu þeir hinsvegar og höfðu á burt með sér.

16) 2. febrúar s. l. brutust ákærðu inn í rafstöðvar-

pakkhúsið í Sjávarborg. Fóru þeir inn með þeim hætti, að Friðmar braut rúðu og skreið inn, en síðan opnaði Friðmar útidyrnar, sem læstar voru með smekklás innan frá, og hleypti Jóni þar inn. Peninga fundu þeir enga, en hinsvegar stálu þeir einni flösku með brennivíni, einu vasaljósi og brennslusprittglasi, sem þeir fundu þarna inni.

III.

Þau innbrot, sem nú skal greina, frömdu þeir Friðmar Sædal Markússon, Jón Vidalin Markússon og Þórarinn Helgi Jónsson í félagi.

1) Að kvöldi hinn 18. janúar s. l. voru ákærðu allir saman inn á Reykjavíkurbær, og munu þeir hafa verið undir áhrifum áfengis, en vantaði meira áfengi til þess að halda áfram drykkjunni. Komu þeir sér þá saman um að brjótast einhversstaðar inn til þess að stela peningum. Var þetta seint um kvöldið, og gengu þeir nú inn Skúlagötu, unz þeir komu að bifreiðaverkstæði Tryggva Péturssonar & Co. Fóru hinir ákærðu Friðmar og Jón síðan á bak við húsið, og braut Jón þar með fætinum rúðu úr glugga og skriðu þeir síðan báðir inn, en ákærði, Þórarinn, beið á meðan úti á götunni. Í herbergi inn af verkstæðinu, fundu þeir Friðmar og Jón læstan peningakassa og höfðu hann út með sér. Fóru hinir ákærðu síðan allir saman niður í fjöru með kassann og brutu hann þar upp með steini, og vann Jón aðallega að því. Í kassanum fundu þeir 4 krónur í peningum, sem þeir stálu, en skildu kassann eftir í fjörunni með öðru, sem í honum var.

2) Að loknu fyrrgreindu innbroti í bifreiðarverkstæðið stakk ákærði Friðmar upp á því, að þeir skildu brjótast inn í Briemsfjósið til þess að stela þar meiri peningum, með því að peningar þeir, sem þeir náðu í bifreiðarverkstæðinu, hrukku ekki fyrir einni flösku af áfengi. Samþykktu þeir Jón og Þórarinn þessa uppástungu, og fóru þeir síðan allir saman að Briemsfjósi. Er að fjósinu kom, fór Friðmar þar inn með þeim hætti, að hann skreið inn um opinn glugga, en Jón stóð við gaflinn á fjósinu, en Þórarinn úti á götu. Í herbergi því, sem ákærði, Friðmar, kom inn í, braut hann upp veggskáp, sem læstur var og timburhurð fyrir. Þar inni fann ákærði tvo læsta peningakassa, sem hann braut upp og tók úr þá peninga, sem þar

voru. Ennfremur tók hann peninga úr trékassa, sem þarna var inni ólæstur, og voru það samtals um 30 krónur, sem hann þannig stal þarna inni. Fór ákærði síðan út sömu leið og hann var kominn. Síðan fóru hinir ákærðu allir saman niður í bæ, þar sem þeir fyrir peningana, sem þeir höfðu aflað við innbrotin, keyptu áfengi og fleira, sem þeir svo neyttu í sameiningu.

IV.

Dag nokkurn í byrjun febrúarmánaðar s. l. klukkan 7—8 að kvöldi brutust hinir ákærðu, Friðmar Sædal, Jón Vidalin og Þorvaldur Pálmi inn í áhaldaskúr á íþróttavellinum í þeim tilgangi að stela þar inni án þess þó að hafa nokkuð sérstakt í huga, og frömdu þeir innbrotið með þeim hætti, sem nú skal greina. Fyrir skúr þessum voru tvennar hurðir og báðar læstar. Ytri hurðina sprengdi Friðmar upp með þeim hætti, að hann sparkaði í hana, unz hún hrökk upp annaðhvort af því, að lásinn bilaði eða hurðin. Síðan hlupu hinir ákærðu allir á innri hurðina og brutu hana þannig upp. Í skúrnum fundu hinir ákærðu enga peninga, en einu skrufjárnri, sem þar var stálu þeir, með það fyrir augum að nota það síðar við innbrot.

V.

Eftirtalin innbrot og þjófnaði hafa hinir ákærðu Friðmar Sædal og Þorvaldur Pálmi framið í sameiningu.

1) Aðfaranótt hins 7. febrúar s. l. frömdu hinir ákærðu innbrotspjófnað í Briemsfjósi. Reyndi Friðmar fyrst að dirka upp útidyr að húsi þessu, en tókst það ekki. Tók Þorvaldur þá dirkarann, og tókst honum að dirka hurðina upp. Fór Friðmar síðan inn og í herbergi því, sem hann kom í, braut hann upp tvo veggskápa og læstan peningakassa, sem hann tók úr 5 krónur í peningum, sem ákærðu síðan eyddu í sameiningu. Meðan Friðmar var inni í húsinu að þessum þjófnaði, hélt Þorvaldur vörð úti fyrir.

2) Hinn 7. febrúarmánaðar s. l. komu ákærðu sér saman um að fremja innbrotspjófnaði. Á sjöunda timanum um kvöldið komu þeir að húsinu nr. 8 við Þórsögötu. Á neðri hæð hússins var ljóslost. Fór Friðmar þá inn í húsið, en Þorvaldur hélt vörð úti fyrir. Útidyr hússins voru ólæstar. Til þess að ganga úr skugga um, hvort nokkur væri heima

á fyrrgreindri hæð, bankaði Friðmar á forstofudyr íbúðarinnar, en er enginn kom til dyra, dirkaði ákærði þær upp, en þær höfðu verið læstar. Fór ákærði síðan inn og leitaði um íbúðina eftir þýfi. Í veski, sem lá á rúmi í einu herberginu, fann ákærði 25 krónur, sem hann stal. Á píanói í stofunni fann ákærði læstan silfurkassa, sem hann einnig stal án þess að rannsaka innihald hans þar á staðnum. Við svo búið fóru ákærðu af vettvangi með þýfið. Niður við höfn opnaði Friðmar kassann þannig, að hann brá sporjární undir lokið og sprengdi hann þannig upp. En er það kom í ljós, að í kassanum voru aðeins skrautgripir, en engir peningar, þá földu þeir hann með öllu innihaldi þar á staðnum, og fannst hann þar að tilvísun þeirra, er mál þetta kom upp, og var þá afhentur hlutaðeigendum. Þá fóru ákærðu niður í áfengisverzlun og keyptu þar fyrir hluta af hinum stolnu peningum eina brennivínsflösku, sem þeir síðan drukku úr. Þeim hluta peninganna, sem eigi fóru þannig til brennivínskaupa, eyddu hinir ákærðu inni á veitingahúsinu White Star um kvöldið.

3) Á White Star sátu ákærðu þangað til klukkan um 12 á miðnætti þetta kvöld. Er þeir fóru þaðan ákváðu þeir að brjótast inn í benzínsölu Jes Zimsen við Kalkofnsveg, og héldu þeir nú þangað. Er þangað kom, var Þorvaldur settur til að halda vörð, en Friðmar tók að sér að brjótast inn. Dirkaði hann nú upp bakdyr hússins og kom þá inn í herbergi, sem aðskilið er frá afgreiðslunni með milligerð. Í milligerð þessari braut ákærði rúðu og seildist síðan inn um opið eftir peningakassa, sem þar var inni og bar hann út. Stakk ákærði síðan kassann upp með skrúfjární, en í honum var ekkert fémætt. Lét ákærði þá kassann inn aftur. Ennfremur leitaði ákærði eftir peningum í skrifborði, sem var þarna inni, en árangurslaust. Fóru þeir félagar síðan af vettvangi við svo búið án þess að stela nokkru.

4) Eftir innbrotið hjá Zimsen fóru ákærðu eftir uppástungu Friðmars rakkleitt að Varðarhúsinu til þess að brjótast þar inn. Útidyr hússins, sem vita að Kalkofnsvegi, dirkaði Friðmar upp og fóru þeir síðan báðir þar inn og komu þá á skrifstofu, sem umboðsmaður fyrir happdrætti Háskólans hefir þar í húsinu. Þar inni braut Frið-

mar upp 3 skrifborðsskúffur, og leituðu þeir þar og í öðrum hirzlum eftir peningum, en fundu hvorki peninga né annað, sem þeim þótti vert að stela.

Úr skrifstofu þessari fóru ákærðu um dyr, sem aðeins voru lokaðar með smekklás, fram á gang í húsinu. Þar leituðu þeir á dyr, sem læstar voru með smekklás að innanverðu, og urðu því eigi dirkaðar upp. Hlupu ákærðu þá báðir á hurðina og sprengdu hana upp. Þarna komu ákærðu inn á skrifstofu Sjálfstæðisflokksins. Stungu þeir þar upp einn skrifborðsskáp og stálu slatta á flösku af vini og ónotuðum frimerkjum, sem námu kr. 99.20. Frimerkjunum stakk Þorvaldur á sig, og fór með þau heim til sín, en þar var þeim brennt eftir að ákærði var tekinn fastur.

Úr skrifstofu Sjálfstæðisflokksins fóru ákærðu síðan upp á loft og brutust þar inn í læst herbergi með sömu aðferð og þeir höfðu notað niðri, þannig að þeir hlupu á hurðina, og komu þeir þá inn í skrifstofu Heimdallar. Þar inni er skápur með átta hurðum og brutu ákærðu þær allar upp. Leituðu þeir þarna eftir peningum, en fundu ekkert fémætt og stálu engu. Fóru þeir við svo búíð út úr húsinu um norðurdyr, sem læstar voru aðeins með smekklás.

5) Frá Varðarhúsinu fóru ákærðu rակeitt að verzluninni Geysi við Hafnarstræti og ákváðu að brjótast inn um dyrnar á horninu við Aðalstræti og Hafnarstræti. Þjuggust þeir við að dyrnar væru lokaðar aðeins með smekklás, og mætti þá opna með því að brjóta rúðu í hurðinni og seilast þar inn til smekklássins. Braut Friðmar rúðu í hurðinni í þessu skyni, en þá kom í ljós, að auk smekkláss var venjuleg læsing fyrir hurðinni. Reyndi hann þá að dirka þá læsingu upp, en er það tókst ekki, hörfuðu ákærðu frá án þess að stela nokkru.

6) Frá Geysi fóru þeir félagar að benzínsölu h/f. Shell við Grófina og brutust þar inn, með þeim hætti, að Friðmar braut rúðu í hurðinni, og seildist síðan með hendi til smekklássins, sem hurðin var lokuð með, og opnaði þannig, en síðan fóru ákærðu báðir inn. Þarna inn stungu þeir upp tvær skrifborðsskúffur, en fundu ekkert fémætt og stálu engu.

7) Frá benzínsölunni fóru ákærðu að billiardnum

Vesturgötu 6—8. Fór Friðmar þar inn með þeim hætti, að hann skreið inn um opinn glugga portmegin, en Þorvaldur hélt vörð á meðan úti fyrir. Leitaði Friðmar peninga þarna inni, en fann enga peninga og stal engu.

8) Þá héldu hinir ákærðu að Hressingarskálanum við Austurstræti og fóru þá leið, að þeir klifruðu yfir hús það við Pósthússtræti, sem Nora Magasin er í, og komust þannig inn í garðinn að baki hressingarskálans. Brutu þeir síðan rúðu í suðurhlið skálans, og skriðu báðir þar inn. Gerðu þeir árangurslausu tilraun til að brjóta upp peningakassa, sem þar var, en við þær tilraunir ollu þeir skemmdum á kassanum. Allmiklu af tóbaksvörum stálu ákærðu úr skálanum, og fálu þeir þetta þýfi eftir innbrotið. Er mál þetta kom upp fannst nokkuð af vörum þessum að tilvisun ákærðu, en þá var sumt af þeim ónýtt.

9) Eftir innbrotið í hressingarskálann brutust ákærðu inn í skóverzlun Gunnars Jónssonar, sem er í sömu byggingu og hressingarskálinn. Braut Friðmar rúðu í glugga, sem veit út að trjagarðinum á bak við húsið, og fóru þeir síðan báðir inn um gluggann. Þar inni leituðu þeir peninga, og í ólæstri skúffu í afgreiðsluborðinu fundu þeir nokkra aura, sem þeir stálu. Annað tóku þeir ekki og brutu ekki upp neinar hirzlur þarna inni.

10) Loks ákváðu ákærðu, að brjótast inn í Nora-Magasin. Framkvæmdu þeir innbrotið þannig, að fyrst klifu þeir upp á þakið á nefndu verzlunarhúsi frá Pósthússtræti. Upp úr þakinu er turn með gluggum á alla vegu. Brutu þeir síðan rúðu í glugga portmegin á nefndum turni, og sáu þeir þar inn um að búðarborðið var þar beint fyrir neðan, en þó var hæðin svo mikil, að ákærðu treystust ekki til að hoppa þarna niður. Tóku þeir því það ráð, að þeir náðu í stiga, sem lá á skúrþaki þar í grennd, og hleyptu honum um fyrrgreint op niður á búðarborðið, og fóru þeir síðan báðir niður í búðina um stiggann. Þarna stálu þeir ýmislegum varningi, að verðmæti kr. 201.65, og 5 krónum í peningum úr ólæstum skáp á búðarborðinu. Fóru þeir síðan út sömu leið og þeir voru komnir og fólu varninginn, sem þeir höfðu stolið, í garði bak við hressingarskálann, þar sem hann síðan fannst að tilvisun ákærða.

VI.

Þeim peningum, sem hinir ákærðu samkvæmt framan- greindu hafa stolið, segjast þeir hafa eytt í ýmiskonar svall. Þeim peningum, sem ákærði Friðmar stal einn, tóku hinir ákærðu, Jón Vídalín og Þorvaldur, þátt í að eyða, enda þótt þeir vissu að peningarnir væru stolnir. Þá hefir ákærður, Þorvaldur Pálmi, veitt móttöku þjófstolnum munum hjá þeim Friðmar og Jóni, enda þótt hann vissi að þeir voru stolnir. Þannig fékk hann einn af sjálfblek- ungum þeim, sem Friðmar stal í bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar, og nokkuð af áfengi því og vindlum, sem þeir Friðmar og Jón stálu í Kol & Salt.

Hinir ákærðu, Friðmar og Jón, hafa játað, að þeir hafi fyrir nokkuð af hinum stolnu peningum keypt heimabugg- að áfengi, sem þeir síðan seldu aftur með nokkrum hagn- aði. Var það fyrir 1. febrúar s. l. að þeir fengust við þessa áfengissölu.

Er hinir ákærðu, Friðmar og Þorvaldur Pálmi, komu frá síðasta innbrotinu aðfaranótt 8. febrúar, hittu þeir á- kærða, Jón Vídalín, og seldi hann þeim þá eina flösku af brennivíni, sem keypt hafði verið í Áfengiverzlun ríkisins, á 10 krónur.

Framangreind afbrot ákærða Friðmars Sædals Markús- sonar varða við 8. gr. laga nr. 51, 1928, sbr. 231. gr. 2. og 4. lið og sumpart 55. gr. og 46. og 47. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, og 11. gr., sbr. 32. gr. á- fengislaga nr. 64, 1930, sbr. nú 15. og 33. gr. laga nr. 33, 1935. Þykir refsing ákærða, sem setið hefir í gæzluvarð- haldi frá 8. f. m. til 9. þ. m., með hliðsjón af 63. gr. hegn- ingarlaganna hæfilega ákveðin 2 ára betrunarhúsvinna.

Framangreind afbrot ákærða, Jóns Vídalíns Markús- sonar, varða við 7. gr. laga nr. 51, 1928, sbr. 231. gr. 2. og 4. lið og 55. gr. og sumpart 46. og 47. gr. og 240. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og 11. gr., sbr. 32. gr. áfengislaga nr. 64, 1930, sbr. nú 15. og 33. gr. laga nr. 33, 1935, en áfengissala ákærða 8. f. m. heyrir beint undir nýnefnd ákvæði áfengislaga nr. 33, 1935. Þykir refs- ing hans sem sat í gæzluvarðhaldi frá 8. f. m. til 9. þ. m. með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveð- in betrunarhúsvinna í 18 mánuði.

Framangreind afbrot ákærða, Þorvaldar Pálma Valdimarssonar, varða við 8. gr. laga nr. 51, 1928, sbr. 231. gr. 4. lið og 55. gr. og sumpart 46. og 47. gr. og 240. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing hans, sem sat í gæzluvarðhaldi frá 8. f. m. til 9. þ. m. með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin betrunarhúsvinna í 15 mánuði.

Framangreind afbrot ákærða, Þórarins Helga Jónssonar, varða við 8. gr. laga nr. 51, 1928, sbr. 231. gr. 4. lið og 55. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing hans með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði.

Skaðabóta hefir ekki verið krafizt.

Ákærðu greiði allir fyrir einn og einn fyrir alla allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 150 til skipaðs verjanda þeirra cand. jur. Hákonar Guðmundssonar.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Föstudaginn 18. október 1935.

Nr. 39/1935. **Aðalbjörn Pétursson** (Th. B. Lindal)
gegn

Guðmundi Hannessyni
(Einar B. Guðmundsson).

Meiðyrðamál.

Dómur aukaréttar Siglufjarðar 23. okt. 1934: Stefnur, Aðalbjörn Pétursson, gullsmiður Siglufirði, greiði 300 króna sekt í rikissjóð, er afplánist með 20 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd fyrir lok aðafararrests.

Stefndur greiði og 20 króna sekt, 10 krónur í rikissjóð og 10 krónur í fátækra sjóð Siglufjarðar, fyrir ósæmilegan rithátt og séu hin átöldu ummæli dauð og ómerk.

Málskostnað greiði stefndur stefnanda með 200 krónum.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.